

**251. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, miðvikudaginn 4. desember 2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Sigurrós Ingmarsdóttir varaáheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Hjörvar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Sylvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2405045 - Skátafélag Akraness - endurnýjun samstarfssamnings**

Núverandi samstarfssamningur við Skátafélag Akraness gildir út árið 2024.

*Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að samstarfssamningur Akraneskaupstaðar og Skátafélags Akraness verði framlengdur óbreyttur um eitt ár, þ.e. til loka árs 2025.*

**2. 2412028 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2025**

Lagt er til að bæjarstjórnarfundur unga fólksins fari fram þriðjudaginn 4. febrúar 2025.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir framlagða tillögu.*

**3. 2312219 - Gjaldskrá frístundadvalar utan lögheimilissveitarfélags**

Endurskoðun á gjaldskrá fyrir árið 2025.

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.*

**4. 2411195 - Gjaldskrá Tónbergs, andyri og kennslustofa**

Tillaga að gjaldskrá fyrir Tónberg lögð fram til kynningar og umræðu. Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskólans fylgir málinu eftir.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir framlagða gjaldskrá fyrir Tónberg og vísar málinu til afgreiðslu hjá bæjarráði.*

Jónína Erna vísar af fundi.

**5. 2312220 - Tómsundaframlag - vinnumhópur um endurskoðun**

Fyrirkomulag tómsundaframlaga fyrir árið 2025.

Bæjarráð fól skóla- og frístundaráði að rýna fyrirkomulag og nýtingu tómsundaframlags Akraneskaupstaðar og leggja fram tillögur að hækkun og/eða breytingum á fyrirkomulagi til hagsbóta fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar ráðsins.*

**6. 2411185 - Sundlaugamannvirki - skýrsla**

Skýrsla um sundlaugarmannvirki frá Sundsambandi Íslands.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. 2412026 - Stytting vinnuvikunnar í leikskólum Akraneskaupstaðar**

Rætt um leiðir til að mæta styttingu vinnuviku starfsfólks í leikskólum Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóri leggur fram þrjár sviðsmyndir til umfjöllunar.

Leikskólastjórnendurnir Ingunn Sveinsdóttir, Íris G. Sigurðardóttir, Vilborg Valgeirsdóttir og Guðrún Bragadóttir ásamt Hjörvari Gunnarssyni fulltrúa foreldra sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir gott samtal og felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:40.**